



VERKEFNI TIL FRÆÐSLU
FRÆÐUMST OG FRÆÐUM
UM MANNRÉTTINDI

RÉTTINDA
SKÓLI

RÉTTINDA
FRÍSTUND

unicef 

fyrir öll börn

UM UNICEF

UNICEF eru stærstu samtök sem starfa í þágu barna á heimsvísu og fer starfið fram í rúmlega 190 löndum.

Á þessari stundu eru margar milljónir barna í hættu. Börn standa frammi fyrir ofbeldi, sjúkdómum, hungri og afleiðingum stríðs og hamfara. Saman getum við breytt því. Með þinni hjálp vinnum við að því hörðum höndum að tryggja öllum börnum örugga tilveru.

UNICEF sér um að bólusetja, mennta og vernda fleiri börn en nokkur önnur samtök. Við beitum okkur fyrir réttindum barna með víðtækum hætti, innanlands sem utan. Hér á landi vinnum við meðal annars að því að hafa áhrif á lagaumhverfi, opinber stefnumál og siði sem efla réttindi barna. Við látum verkin tala. Og við munum ekki unna okkur hvíldar fyrr en heimurinn er orðinn að öruggum stað fyrir öll börn.

Lestu meira á www.unicef.is

FRÆÐUMST OG FRÆÐUM UM RÉTTINDI BARNA

HVERNIG NOTA SKAL VERKEFNAHEFTIÐ

Þetta verkefnahefti mun hjálpa ykkur að taka fyrstu skrefin sem Réttindaskólar og Réttindafrístund með því að:

- auka færni ykkar, þekkingu og skilning á réttindum barna.
- kenna ykkur nýjar og hagnýtar leiðir til að vinna með samstarfsfólki og foreldrum.
- hjálpa ykkur að þróa nýjar aðferðir sem vekja áhuga barna á eigin réttindum.
- útskýra hvernig tengja meg hugtökin réttindi barna, alheimsborgari og sjálfbæra þróun réttindi, alheimsborgara og sjálfbæra þróun.

Í heftinu má finna fjölmörg verkefni og hugmyndir sem nýtast í starfi með börnum á yngsta stigi, mið- og unglingastigi, með öðru starfsfólki á starfsmannafundum eða á fundum með foreldrum og forsjáraðilum.

Þið getið punktað hjá ykkur athugasemdir í æfingaheftið eftir þörfum. Hægt er að fá PDF-útgáfu af heftinu ef þið þurfið á hreinu afriti að halda. Við leggjum til að auk þess að gera sjálf verkefnið í æfingaskyni skrifið þið stuttlega hjá ykkur hvernig hvert verkefni er unnið.

Lesið meira um Réttindaskóla og Réttindafrístund skoðið frekari kennslugögn hér:
<https://unicef.is/rettindaskoli>

EFNISYFIRLIT

Um UNICEF	2
Fræðumst og fræðum um réttindi barna	3

Inngangur

Hvað eru Réttindaskólar og Réttindafrístund UNICEF?	5
Öll á sömu blaðsíðu	6
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	7
Orðasafn réttinda barna	8
Réttindi barna, alheimsborgarar og sjálfbær þróun	9
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	10

Hagnýtar aðferðir til að fræðast um réttindi barna

Söngvar og myndbönd	11
Veggspjöld og myndefni	12
Spurningaleikir	13
Ljósmyndir	14
Efst á baugi	16
Orð	18
Skólalóðin myndskreyting	19
Orðalistar A-Ö	20
Rýnt í 12. greinina	21
Þáttökustiginn mynd	22
Þáttökustiginn verkefni	23
Dæmi um þáttöku - spjöld til dreifingar	24
Réttindaspjöld	25
	27

Réttindakennsla út frá námsgreinum	28
------------------------------------	----

Alheimsborgarar, Heimsmarkmiðin og sjálfbær þróun	36
---	----

Verkefni fyrir starfsfólk, foreldra og forsjáraðila	44
---	----

Svör við verkefnum	11
--------------------	----



HVAD ERU RÉTTINDASKÓLAR OG RÉTTINDAFRÍSTUND UNICEF?

Réttindaskóli og Réttindafrístund er hugmyndafræði fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum, hér eftir) og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda.

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir hugmyndafræðinni leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu.

Markmið Réttindaskóla og Réttindafrístundar er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.



ÖLL Á SÖMU BLAÐSÍÐU

Lykillinn að vel heppnaðri vegferð Réttindaskóla og Réttindafrístundar er sameiginleg þekking og skilningur allra á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Það felur í sér fleira en það eitt að þekkja greinar sáttmálans; það snýst einnig um að skilja hugtakið „réttindi“ og þær grundvallarforsendur sem styðja við réttindi barna í reynd.

Vegferð hvers skóla tekur tíma. Við mælum þó með því að allir byrji á að ná öruggum tökum á sáttmálanum, grundvallarforsendunum fjórum og þeim hugtökum sem við notum þegar rætt er um réttindi barna.

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Mannréttindi eru óumbreytanleg grunvallarréttindi og frelsi sem stjórnvöldum ber að virða og styðja. Þau byggjast á virðingu fyrir reisu og gildi hvers einstaklings – óháð kynþætti, kyni, tungumáli, trú, skoðunum, uppruna, fjárhagsstöðu eða getu – og eiga við um allar manneskjur.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er til grundvallar öllu starfi UNICEF. Hann er ítarlegasta yfirlýsing um réttindi barna sem nokkurn tíma hefur verið samin, og hafa fleiri lönd undirritað sáttmálann en nokkurn annan mannréttindasáttmála. Samkvæmt skilmálum sáttmálans eru börn réttindahafar og fullorðnir ábyrgðaraðilar sem ber að tryggja að börn fái notið réttinda sinna.

Þeim réttindum sem lýst er í sáttmálanum eiga við um öll börn, hvar sem er í heiminum (allar manneskjur undir 18 ára aldri). Réttindin byggjast á því sem börn þurfa svo þau megi lifa, dafna og þroska eigin getu til fulls. Börn þarfnast allra réttindanna sem talin eru upp í sáttmálanum og þau eru engum skilyrðum háð. Þessi réttindi er ekki hægt að afnema.

Sáttmálinn samanstendur af 54 greinum. Fjórum greinum sáttmálans er skipað í sérstakan flokk því þær eru leiðbeinandi um túlkun allra hinna greinanna. Þessar greinar eru einnig þekktar sem grundvallarforsendurnar og leika mikilvægt hlutverk þegar kemur að því að tryggja öllum börnum öll réttindi sáttmálans.

Þær eru:

- 1. Vernd gegn mismunun (2. grein)**
- 2. Það sem barni er fyrir bestu (3. grein)**
- 3. Líf og þroski (6. grein)**
- 4. Þátttaka (12. grein)**

Í greinum 1-42 er fjallað um þau borgaralegu, pólitísku, fjárhagslegu, félagslegu og menningarlegu réttindi sem öll börn eiga að njóta, hvar sem er í heiminum. Greinar 43-54 fjalla um það hvernig fullorðið fólk og stjórnvöld vinna saman til að tryggja að öll börn fái notið réttinda sinna.

Ísland fullgilti Barnasáttmálann árið 1992. Það þýðir að stjórnvöld okkar hafa lofað að tryggja að öll börn á Íslandi njóti þeirra réttinda sem sáttmálinn fjallar um. Enn fremur var Barnasáttmálinn lögfestur hér á landi 2013 sem þýðir að á Íslandi er Barnasáttmálinn lög og er jafngildur öðrum lögum t.d. lögum um grunnskóla og barnaverndarlögum. Íslenskum stjórnvöldum ber því skylda að sjá til þess að það sem stendur í Barnasáttmálanum verði að veruleika. Til dæmis þurfa lög og reglur á Íslandi að vera í samræmi við forsendur sáttmálans.

UNICEF er einu samtökin sem vinna í þágu barna og eru sérstaklega viðurkennd í sáttmálanum. 45. grein felur UNICEF að veita sérfræðiráðgjöf og aðstoð í þágu réttinda barna.

Þú getur lesið meira um sáttmálann hér www.barnasattmalinn.is
Sömuleiðis er hægt að nálgast sáttmálann á öðrum tungumálum.

ORÐASAFN RÉTTINDA BARNA

Mikilvægt er að við séum meðvituð um það frá upphafi að „réttindi barna“ og tengd hugtök eru mjög oft misskilin. Rétt notkun á lykilhugtökum hjálpar öllum að þróa með sér traustan skilning á réttindamálum og merkingu þess að vera Réttindaskóli og Réttindafrístund.

Hér eru fimm mikilvæg orð:

MEÐFÆDD

Ásköpuð, sem er hefur frá fæðingu, eðlislæg. Réttindi eru meðfædd – þau tilheyra þér vegna þess að þú ert manneskja.

ÓAÐSKILJANLEG

Það sem ekki er hægt að deila eða greina í sundur. Réttindi eru óaðskiljanleg hvert frá öðru, sem þýðir að engin réttindi eru öðrum mikilvægari. Þau eru samtvinnuð og haldast í hendur hvort við annað.

ÓFRAMSELJANLEG

Það sem ekki er hægt að svipta einstakling þeim eða gefa þau frá sér. Réttindi eru óframseljanleg, sem þýðir að þú getur ekki afsalað þér þeim eða selt þau, og enginn getur tekið þau af þér.

ALGILD

Fullgild, sem gilda alls staðar. Réttindi eru algild. Það þýðir að Barnasáttmálinn á við um öll börn (allar manneskjur undir 18 ára aldri), hvar sem er í heiminum, öllum stundum.

SKILYRÐISLAUS

Fyrirvaralaus, það sem ekkert skilyrði fylgir. Réttindi eru skilyrðislaus, sem þýðir að þau eru ekki umbun og eru alls óháð skyldum eða tilteknum gjörðum. Allir eiga sömu réttindi og þurfum við því að sýna réttindum annarra virðingu með framkomu okkar.

RÉTTINDI BARNA, ALHEIMSBORGARAR OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Öll börn hafa sömu réttindi, óháð búsetu. Að átta sig á því getur hjálpað börnum að upplifa sig sem alheimsborgara og vera meðvituð um að það sem gert er í einum heimshluta getur haft áhrif annars staðar.

Það að vera alheimsborgari felur líka í sér skilning á því hvernig aðgerðir stjórnvalda, fyrirtækja, samfélaga og einstaklinga geta stuðlað að réttlátari og sjálfbærari heimi.

Í september 2015 samþykktu heimsleiðtogar sjálfbær þróunarmarkmið sem kallast Heimsmarkmiðin. Tilgangur þeirra er að gera heiminn öruggari og réttlátari fyrir kynslóðir dagsins í dag sem og framtíðarkynslóðir.

Heimsmarkmiðin eru sautján talsins. Meðal annars er talað um að tryggja öllum aðgang að góðri menntun, binda enda á fátækt og hungursneyð og berjast gegn loftslagsbreytingum.

Hér er dæmi um það hvernig réttindi barna tengjast sjálfbærri þróun.

Öll börn eiga rétt á hreinu vatni, hreinlæti, hollri fæðu, góðri heilsu, menntun, hreinu lofti og orku. Engu að síður fara milljónir barna um heim allan á mis við þessi réttindi sín á degi hverjum.

Vopnuð átök, fólksfjölgun, borgarvæðing og sífellt tíðari veðurhamfarir af völdum loftslagsbreytinga (til dæmis flóð og risaflóðbylgjur) geta gert börnum erfiðara um vik að njóta réttinda sinna.

Árið 2014 voru 87% allra hamfara tengd veðurlagi. Þessar hamfarir urðu langoftast í fátækari löndum sem voru verr í stakk búin til að takast á við þær (UNISDR, 2015).

Heimsmarkmið nr. 13 snýst um að grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Heimsmarkmið nr. 7 er að öllum verði tryggður aðgangur að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.

Að draga úr losun kolefnis og hjálpa samfélögum að laga sig að breyttu loftslagi mun hjálpa til við að gera heiminn að öruggari stað fyrir alla og tryggja að börn fái notið réttinda sinna. Lykillinn er að skipta jarðefnaeldsneyti út fyrir endurnýjanlega orkugjafa á borð við sólar-, vind- og vatnsorku.

Sem alheimsborgarar gegnum við öll mikilvægu hlutverki við að stuðla að sjálfbærri þróun. Einfaldar ráðstafanir sem við hrindum sameiginlega í framkvæmd geta leitt af sér raunverulegar breytingar.



OSJÁLFBÆR ÞRÓUNARMARKMIÐ

17 MARKMIÐ TIL AÐ BREYTA HEIMINUM



Developed in collaboration with **TROLLBÄCK+COMPANY** | TheGlobalGoals@trollback.com | +1.212.529.1010
For queries on usage, contact: dpicampaigns@un.org | Non official translation made by UNRIC Brussels (September 2015)

Lestu meira um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hér: <http://un.is/heimsmarkmidin>
Hérna má sjá fræðslumyndband um Heimsmarkmiðin með Ævari Vísindamanni: <https://youtu.be/5ZdAYti8eLs>
Lestu meira um hvernig unnið er að Heimsmarkmiðunum á Íslandi hér: www.heimsmarkmidin.is

HAGNÝTAR AÐFERÐIR TIL AÐ FRÆÐAST UM RÉTTINDI BARNA

Í þessum hluta verkefnaheftisins má finna aragrúa af verkefnum og hugmyndum til að fræða börn, starfsfólk, foreldra og forsjáraðila um réttindi barna á lifandi máta.

Öll verkefnin má aðlaga eftir aðstæðum.

Upphitunaræfing: Mínútumas
Þennan leik má nota með hóp á hvaða aldri sem er.

1. Skiptu þátttakendum í þriggja manna hópa. Hver hópur velur eina manneskju til að vera **A**, aðra til að vera **B** og þá þriðju til að vera **C**.
2. **A** byrjar og talar í 60 sekúndur um mikilvægi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
3. Næst á **B** að tala í 60 sekúndur um það hvers vegna það sé gott að vera Réttindaskóli eða Réttindafrístund.
4. Loks á **C** að tala í 60 sekúndur um hvað það þýði að vera alheimsborgari.

Þátttakendur þurfa að fara eftir eftirfarandi reglum: Bannað að hika, endurtaka sig eða fara út fyrir efnið! Þú mátt stöðva leikinn áður en mínútan er liðin.



SÖNGVAR OG MYNDBÖND

Hugmynd fyrir t.d. enskutíma

Að nota söngva og myndbönd í kennslustofunni eða á sal er frábær leið til að vekja athygli barna á réttindamálum.

Þú gætir beðið börnin að hlusta á lögin, vinna svo saman tvö og tvö og skrifa niður öll réttindin sem er minnst á í textanum.

Þú gætir líka beðið börnin sem þú vinnur með að semja sín eigin lög um réttindi barna.

Hægt er að finna lög sem börn úr Réttindaskólum í Bretlandi hafa samið. ATH. ÖLL LÖGIN ERU Á ENSKU
<https://www.unicef.org.uk/rights-respecting-schools/resources/ideas-from-schools/songs-created-schools/>



VEGGSPJÖLD OG MYNDEFNI

Hugmyndir - biddu hópinn þinn:

- að velja því fyrir sér hvernig börn og heilu skóla- og frístundasamfélögin geti fræðst um réttindi barna af veggspjöldum og myndefni.
- að vinna saman tvö og tvö og rifja upp eitt eða tvö dæmi um veggspjöld eða myndefni sem þeim fannst hjálpa börnum og starfsfólki að fræðast um tiltekna grein eða sáttmálann í heild sinni.
- að nefna dæmi um veggspjöld eða myndefni sem börnin hafa búið til um réttindi barna.

Deilið niðurstöðunum með öllum hópnum.

Þetta má nýta sem verkefni áður en veggspjald eða myndefni er búið til.

SPURNINGALEIKIR

Finndu einhvern sem ...

1. Biddu þátttakendur að vinna sjálfstætt eða tvö og tvö saman og finna einhvern úr hópnum sem passar í hvern reit.
2. Allra best er að finna nýtt nafn í hvern reit.

Finndu einhvern sem veit hvað SP stendur fyrir.	Finndu einhvern sem veit hvaða land hefur ekki fullgilt Barnasáttmálann.	Finndu einhvern sem veit hvað stendur í 42. grein.
Nafn:	Nafn:	Nafn:
Svar:	Svar:	Svar:

Finndu einhvern sem veit hvaða grein fjallar um umhverfi og heilsu.	Finndu einhvern sem getur nefnt eina af grundvallarforsendum Barnasáttmálans.	Finndu einhvern sem veit hver ber ábyrgð á því að tryggja að börn fái notið réttinda sinna.
Nafn:	Nafn:	Nafn:
Svar:	Svar:	Svar:

SPURNINGALEIKIR

Rétt eða rangt?

Biddu þátttakendur að vinna sjálfstætt eða tvö og tvö saman og skera úr um hvort þau telji fullyrðingarnar réttar eða rangar.

1. SP stendur fyrir Sameinuðu þjóðirnar.	Rétt	Rangt	6. Barnasáttmálinn á aðeins við um börn sem búa í löndum sem hafa fullgilt hann.	Rétt	Rangt
2. Ísland fullgilti Barnasáttmálann árið 1944.	Rétt	Rangt	7. Allt fullorðið fólk yfir 18 ára aldri eru ábyrgðaraðilar.	Rétt	Rangt
3. Þrjú lönd hafa ekki fullgilt Barnasáttmálann: Bandaríkin, Suður-Súdan og Sómalía.	Rétt	Rangt	8. 24. grein fjallar um umhverfi og heilsu.	Rétt	Rangt
4. Það eru 42 greinar í Barnasáttmálanum.	Rétt	Rangt	9. Grundvallarforsendurnar sem sáttmálinn byggir á eru vernd gegn mismunun, þátttaka, afkoma og þroski, og metnaður.	Rétt	Rangt
5. Í 42. grein stendur að stjórnvöld verði að kynna Barnasáttmálann fyrir börnum og fullorðnum.	Rétt	Rangt	10. Á Íslandi er búið að lögfesta Barnasáttmálann.	Rétt	Rangt

TILBRIGÐI

Þetta verkefni má vinna með starfsfólki og eldri börnum. Spurningarnar má einnig einfalda svo þær gagnist yngri börnum.

Þú getur líka beðið börnin að skoða heimildir og búa til sína eigin spurningaleiki um réttindamál.

Til dæmis:

- gæti réttindaráð búið til leik fyrir starfsfólk
- gætu börnin unnið heimaverkefni sem felst í því að búa til leik fyrir foreldra og forsjáraðila
- gætu eldri börn búið til leik fyrir bekkjarfélagi eða yngri börn
- gæti einn bekkur búið til leik fyrir annan bekk


Þessir leikir gætu líka innihaldið spurningar um UNICEF!

LJÓSMYNDIR

Efniviður:

- afrit af ljósmyndablaðinu – eitt eintak á hvert barn, eitt á hvert par eða eitt á hvern hóp
- afrit af styttri útgáfu Barnasáttmálans – nóg til að allir þátttakendur sjái eintak
- hægt er að varpa Barnasáttmálanum á skjávarpa af slóðinni: www.barnasattmalinn.is

1. Biddu þátttakendur að velta því fyrir sér hvaða réttindi þeir geti tengt við hverja mynd.
2. Biddu þátttakendur að skoða styttri útgáfuna af sáttmálanum og merkja við öll önnur réttindi



TILBRIGÐI

Ljósmyndir má einnig nota í stærri hóp. Biddu börnin að ræða við sessunaut sinn um réttindin sem börn sjást njóta – eða fá ekki að njóta – á hverri mynd fyrir sig. Gættu þess að nota bæði myndir af börnum sem fá notið réttinda sinna og börnum sem fara á mis við þau, frá Íslandi sem og öðrum stöðum í heiminum.

LJÓSMYNDIR





EFST Á BAUGI

Hugmynd

Fréttir líðandi stundar má nýta á sama hátt og ljósmyndir til að koma af stað umræðum um réttindi barna.

Að halda reglulega tíu mínútna spjall undir yfirskriftinni „Hvað er í fréttum?“ getur hjálpað börnum að skilja flóknar og erfiðar aðstæður í ljósi réttinda barna.

Þú gætir ákveðið hvaða fréttir skal ræða hverju sinni með því að óska eftir tillögum frá bekknum eða starfsfólki. Þetta hjálpar bæði starfsfólki og börnum að þróa orðaforða sinn er kemur að réttindamálum.

ORÐ

Í hreinskilni sagt

Tilvitnanirnar í þessum textakössum koma frá börnum og ungmennum sem lifa við fátækt.

1. Biddu þátttakendur að skoða hverja tilvitnun fyrir sig og ræða hvaða réttinda Barnasáttmálans þessi börn fá ekki að njóta.
2. Allur hópurinn ræðir þau réttindi sem þátttakendur hafa borið kennsl á.

„Ég hef áhyggjur af mömmu því hún borðar ekki nóg. Það er ekki eins og við getum borðað þrjár máltíðir á dag eins og maður á að gera, því við höfum ekki efni á því ... svo ég sleppi því stundum að borða, svo ég geti gefið mömmu matinn minn. Skilurðu hvað ég meina?“

„Hinir krakkarnir í bekknum fara í bæinn og í sund og alls konar, og spila fótbolta og fara á alls konar staði en ég get ekki farið með ... því sumt kostar peninga og þannig.“

„Ég hef áhyggjur af því hvernig lífið verður þegar ég verð eldri ... því ég er frekar hrædd við að verða eldri ... það er aðeins skárra ef maður veit hvað er framundan, en ég veit það ekki.“

„Stundum verð ég leiður, því aðrir krakkar fá alls konar dót og ég vildi að ég fengi svoliðis líka. Stundum finnst mér ég vera sjálfelskur. Ég ætti að vera ánægður með það sem ég hef.“

„Það væri bara of vandræðalegt, ég myndi aldrei bjóða neinum heim til mín. Það væri bara of hræðilegt.“

Eða er hægt að finna
aðstæður á myndinni þar
sem verið er að brjóta
á réttindum barna?



ORÐ

A-Ö orðalistar

A-Ö listar eru góð leið til að rifja upp kunnáttu sem er þegar til staðar.

Tvö og tvö vinna saman í fyrirfram ákveðinn tíma (til dæmis fimm mínútur) og finna orð fyrir hvern bókstaf sem tengjast tilteknu viðfangsefni eða spurningu. Því næst deila þau orðunum sínum með öðru tveggja manna teymi og velja í sameiningu þau fimm orð sem þau telja mikilvægust út frá viðfangsefninu eða spurningunni.

Hér eru nokkur viðfangsefni sem þú gætir notað:

- orðalisti yfir jákvæð samskipti í skólanum, frístundaheimilinu eða félagsmiðstöðinni.
- orðalisti yfir góða menntun, afrek og framfarir.
- orðalisti yfir það að vera alheimsborgari.
- orðalisti yfir netöryggi.

Mundu að tengja alla orðalistana við réttindi úr Barnasáttmálanum.

Dæmi um lista út frá spurningunni:

„Hvað gæti barn skort ef það býr við fátækt á Íslandi eða í öðru landi?“ má finna í kaflanum „Svör við verkefnum“ á bls. 52 aftast í verkefnaheftinu.

A

B

C

D

E

F

G

H

I

J

K

L

M

N

O

P

R

S

T

U

V

X

Y

Z

Þ

Æ

Ö

RÝNT Í 12. GREININA



Eftirfarandi æfingar hjálpa þér að skýra 12. grein Barnasáttmálans á ljóslifandi hátt. Þær ættu að vekja alla til umhugsunar um virka þátttöku barna í ýmsum viðburðum.

12. greinin fjallar um annað og meira en það eitt að hlusta á börn og ungt fólk. Hún snýst um að sjá þeim fyrir þýðingarmiklum tækifærum til að taka beinan þátt í ákvarðanatöku varðandi eigið líf.

Öll verkefni má aðlagða að ýmsum aðstæðum.


Hlustaðu nú!

Paraðu þátttakendur saman. Biddu hvert teymi að ákveða hvort er A og hvort B.

1. Biddu **A** að segja **B** frá skemmtilegasta fríi sem hún/hann hefur farið í. **B** á að hlusta mjög vandlega í eina mínútu. Að mínútu liðinni á **B** að telja upp meginatriði þess sem **A** sagði.
2. Biddu **B** að segja **A** frá uppáhalds matnum sínum. **A** á að þykjast vera algjörlega áhugalaus.
3. Spyrðu þátttakendur hvernig upplifun það var að vera **A** og **B** í hverjum hluta æfingarinnar fyrir sig.
4. Biddu loks **A** og **B** að segja hvort öðru frá uppáhalds sjónvarpsþætti sínum eða kvikmynd, en á sama tíma! Spyrðu hvernig sú upplifun hafi verið.
5. Spyrðu þátttakendur hvaða réttindum þessi æfing tengist.
6. Spyrðu þá hvað æfingin segi þeim um það hvernig fullorðnir sem virða réttindi barna ættu að hegða sér. Ræðið um mikilvægi þess að hlusta vel og vandlega og hvernig halda megum 12. greininni á lofti í frístundaheimilinu eða fé.

ÞÁTTTÖKUSTIGINN

MYND TIL DREIFINGAR



ÞÁTTÖKKUSTIGINN

Efniviður:

- myndin af þáttökustiganum – annað hvort ein á mann eða ein á hverja tvo þátttakendur
- afrit af þáttökuspjöldunum átta fyrir hvern hóp (þau skal klippa eftir punktalínunum)

TILBRIGÐI

Ef stiginn er of flókið fyrirbæri skaltu sleppa myndinni. Biddu börnin að flokka spjöldin í tvo bunka; annars vegar aðstæður þar sem þeim þykja börnin taka eðlilegan þátt og hins vegar þar sem þeim finnst svo ekki vera.

Framhaldsverkefni

Fáðu hópana til að búa til sína eigin einföldu lýsingu, eitt orð eða setningu, á hverju þrepi í stiganum.

Þátttakendur gætu svo valið eitt þrep og lýst út frá því atburði sem þau sjálf hafa upplifað eða skrifað um hann sögu.

Upphitunaræfing

- Biddu þátttakendur að fletta þessum orðum og orðasamböndum upp annað hvort í orðabók eða á netinu og skrifa svo eina setningu út frá hverju þeirra:
 - leita ráða
 - ráðskast með
 - stjórna
 - taka þátt
 - fela einhverjum verkefni
 - upp á skraut
 - upplýsa
 - hafa frumkvæði að
 - að frumkvæði fullorðinna
 - að frumkvæði barna
 - Táknrænt
 - Til málamynda
- Ef það hentar hópnum þínum gætirðu beðið þátttakendur að skrifa eina setningu um börn og samskipti þeirra við fullorðna út frá hverju orði/orðasambandi.

Verkefni

- Biddu þátttakendur að vinna í þriggja eða fjögurra manna hópum. Afhentu hverjum hópi að minnsta kosti eitt eintak af stigamyndinni og þáttökuspjöldin átta.
- Biddu hópinn að ræða aðstæðurnar á hverju spjaldi fyrir sig og koma spjaldinu svo fyrir á viðeigandi stað í stiganum. Þátttakendur eiga að velta því fyrir sér hvort börnin og ungmennin sem lýst er í aðstæðunum á spjaldinu hafi einhvern skilning á viðkomandi málefni, hvers vegna þau taki þátt og hvað þau séu að gera. Staðsetning spjaldanna í stiganum á að fara eftir því hversu raunverulegan þátt börnin taka hverju sinni og hve mikil áhrif þau hafa.
- Biddu alla hópana að útskýra hvar þeir komu spjöldunum fyrir. Þátttakendur gætu líka tengt niðurstöður sínar við 12. greinina og rétt barns á að láta í ljós skoðanir sínar á málum sem tengjast því.

DÆMI UM ÞÁTTTÖKU: SPJÖLD TIL DREIFINGAR

Aðstæður A

Skóli var beðinn að finna ungling til að vera fulltrúi skólans í nefnd sem ætlað var að fjalla um breytingar á almenningsgarðinum í hverfinu.

Viðbrögð

Skólastjórinn flýtti sér að velja nemanda sem var alltaf vel klæddur og hagaði sér vel en bjó ekki í hverfinu.

Aðstæður B

Sjónvarpsstöð vildi fá ráð og hugmyndir varðandi barnaefni.

Viðbrögð

5. bekkur varði heilum degi með fólki frá sjónvarpsstöðinni. Nokkrum vikum síðar kom sjónvarpsstöðin aftur til að sýna bekknum hugmyndir sínar og fá aftur að heyra skoðun þeirra.

Aðstæður C

Foreldrar fóru í mótmælagöngu til að krefjast fleiri leikskólaplássna fyrir börnin þeirra.

Viðbrögð

Þau tóku börnin með sér og létu þau hafa mótmælaspjöld til að halda á, þar sem til dæmis stóð: „Ég vil komast í leikskóla.“

Aðstæður D

Bæjarstjórinn þurfti að undirbúa kvöldmat og skemmtun fyrir fimmtíu mikilvægar manneskjur sem voru á ráðstefnu í bænum.

Viðbrögð

Kórinn í grunnskóla bæjarins, sem hafði oft unnið til verðlauna, var beðinn um að syngja fyrir gestina í veislunni.



DÆMI UM ÞÁTTTÖKU: SPJÖLD TIL DREIFINGAR

Aðstæður E

Bæjarráðið réð arkitekta til að fríska upp á tiltekið hverfi.

Viðbrögð

Öllum í hverfinu var boðið á fund til að ræða hvernig bæta mætti ástandið. Bæjarráðið hafði sérstakan áhuga á að heyra hvað börnum á öllum aldri fyndist og setti saman vinnuhópa með börnum til að veita arkitektunum ráðgjöf.

Aðstæður F

Nokkrir krakkar í Ó. bekk fréttu af því að jafningjaspjall væri góð leið til að leysa úr ágreiningi. Þau vildu koma slíku kerfi á í skólanum sínum.

Viðbrögð

Fyrst sögðu þau öðrum börnum frá kerfinu. Svo fóru þau með hugmyndina fyrir skóla-stjórnendur sem samþykktu málið og fengu fulltrúa kennara til að aðstoða krakkana í Ó. bekk við að koma á fót jafningjaspjalli.

Aðstæður G

Skóli einn vildi bæta aðstæður barna í frímínútum og á matartíma.

Viðbrögð

Kosningar voru haldnar í skólanum. Börn voru bein um að tilnefna krakka í nefnd sem kannaði svo hvað börnin vildu. Nefndin sá síðan til þess að breytingarnar væru gerðar.

Aðstæður H

Mikilvægir gestir voru væntanlegir í skólann og börn í Ó. bekk voru beðin að hjálpa til.

Viðbrögð

Krakkarnir í Ó. bekk áttuðu sig á því að gestirnir gætu haft mikilvæg áhrif á aðstöðuna í skólanum. Þeir voru meira en til í að sýna gestunum skólann.

RÉTTINDASPJÖLD

Efniviður:
Barnasáttmálinn í kassanum

Verkefni þar sem réttindaspjöld eru notuð til að auka hæfni barna til að rökræða og skiptast á skoðunum, og hjálpað öllum að ná betra valdi á greinum Barnasáttmálans.

Þegar rætt er um tiltekin réttindi er mikilvægt að gleyma ekki að minna þátttakendur á að öll börn eigi sömu réttindin samkvæmt Barnasáttmálanum.

Hér eru nokkur verkefni til að koma ykkur af stað:

- Láttu hvern þátttakanda hafa réttindaspjald. Nefndu svo tiltekna grein – sá nemandi sem er með það spjald þarf að útskýra hver þau réttindi séu og hvers vegna þau skipti máli. Endurtakist að vild.
- Bingó! Biddu þátttakendur að velja fimm greinar sáttmálans og skrifa niður númerið á þeim, eða búið til bingóspjöld. Stjórnandinn dregur svo spjöld af handahófi og les upp töluna á þeim. Þátttakendur krossa yfir sínar tölur þegar þær eru lesnar upp og sá/sú vinnur sem fyrst heyrir allar sínar fimm tölur. Þegar þú lest upp tölu skaltu spyrja þátttakendur hvaða réttindi hún eigi við og lesa upp úrdrátt úr viðkomandi grein.
- Biddu þátttakendur að vinna saman tvö og tvö og velja tvö réttindaspjöld af handahófi. Þátttakendur ræða saman um hvort þeirra skipti meira máli.
- Biddu þátttakendur að draga af handhófi fjögur réttindaspjöld úr bunkanum og búa svo til sögu um það þegar einhver fær ekki að njóta viðkomandi réttinda. Hver ber ábyrgð á að bæta úr því?
- Veldu spjald af handahófi, biddu svo þátttakendur að búa til látbragðsleik eða kyrrmynd út frá viðkomandi spjaldi til að koma umræðum af stað.
- Veldu spjald af handahófi, biddu svo þátttakendur að taka viðtal við persónur sem fengu ekki að njóta viðkomandi réttinda. Skoðið afleiðingar þess að fá ekki notið þessara réttinda með látbragðsleik eða hópumræðum.
- Láttu öll börn fá eitt spjald og biddu þau að gera könnun í skólanum/heima fyrir um það hversu oft fólk hefur rekist á viðkomandi réttindi í þessari viku. Búið til gróf/súlurit til að greina niðurstöðurnar.
- Láttu öll börn fá eitt réttindaspjald til að fara með heim og biddu þá að taka viðtöl við foreldra, forsjáraðila eða ættingja. Börnin gætu líka tekið viðtöl við fullorðna eða önnur börn í skólanum.

RÉTTINDASPJÖLD

Hraðrökræður

Þetta verkefni hentar
heilum bekk eða stórum hópi.

Efniviður:

- Barnasáttmálinn í kassanum
- bunki af réttindaspjöldum
- nógu margir stólar fyrir allan hópinn

1

Stillið stólum upp í tvo hringi, innri og ytri, svo hver stóll snúi að stól í hinum hringnum. Leggið réttindaspjald á hvern stól.

2

Allir fá sér sæti og hver og einn hefur eina mínútu til að útskýra fyrir manneskjunni sem situr á móti hvers vegna þeirra réttindi séu þau bestu í heiminum.

3

Þegar mínúturnar tvær eru liðnar færa þátttakendur sig um einn stól til hægri – þannig að ytri hringurinn færist rangsælis á meðan sá innri færist réttisælis. Réttindaspjöldin eiga að verða eftir á sínum stól. Nú ættu allir að sitja á móti annarri manneskju og hafa fengið önnur réttindi til að koma á framfæri.

4

Endurtakist að vild, eða þar til allir hafa fengið að koma öllum réttindunum á framfæri.

5

Biddu í lokin þátttakendur að velja þau réttindi sem að þeirra mati fengu besta rökstuðninginn.

TILBRIGÐI

Afhentu öllum eitt spjald og biddu þau að ganga um stofuna og finna einhvern sem þau hafa enn ekki talað við í dag. Þegar þau hafa fundið félagu hefur hvert og eitt þeirra eina mínútu til að sannfæra félagann um mikilvægi sinnar greinar. Þegar mínúturnar tvær eru liðnar fá þátttakendur 30 sekúndur til að finna nýjan félagu. Endurtakið þrisvar eða fjórum sinnum.

RÉTTINDAKENNSLA ÚT FRÁ NÁMSGREINUM

Það eru ýmsar leiðir til að auðga
ólíkar námsgreinar með því
að fjalla um réttindi barna.

Í þessum kafla færðu uppástungur um hvernig
flétta má réttindi inn í undirbúning og kennslu.

Að flétta réttindi inn í undirbúning

Að flétta réttindi inn í undirbúning fyrir kennslu
hjálpur þér að tryggja skilmerkilega umfjöllun
um réttindi barna innan ólíkra námsgreina.

Veltu því fyrir þér hvernig flétta megi réttindin á
eðlilegan hátt inn í kennslu. Til þess gefast gjarnan
fjölmörg færi í íslensku tímum, leiklist, lífsleikni,
samfélagsfræði og náttúrufræði.

Þegar þú skipuleggur kennslustundir skaltu finna
fyrirfram nokkrar greinar sem tengjast viðkomandi
náms efni sérlega vel.

Reyndu að bera fyrirfram kennsl á tækifæri í
kennslustundum til að ræða réttindi og þroska
skilning barna á þeim, og vísaðu til tiltekinna réttinda
þegar þú setur þér kennslumarkmið.

RÉTTINDI ERU EKKI ALLTAF KLIPPT OG SKORIN

Stundum getur virst sem tiltekin réttindi
stangist á hvert við annað. Þau geta líka
vakið siðferðisleg, vísindaleg, trúarleg eða
heimspekileg álitaefni.

Ef upp koma aðstæður þar sem réttindi
virðast stangast hver á við önnur skaltu
spyrja börnin:

- 1
Er hægt að leysa úr málinu?
Hversu góðar upplýsingar höfum við?
- 2
Þurfa tiltekin réttindi að hafa forgang
umfram önnur?
- 3
Þurfa allir endilega að vera sammála
um niðurstöðurnar?

RÉTTINDAKENNSLA ÚT FRÁ NÁMSGREINUM

Að flétta réttindi inn í kennslustundir

Hér að neðan eru nokkrar hugmyndir frá kennurum um hvernig flétta megi réttindakennslu inn í ólíkar námsgreinar. Þær má laga að börnum á öllum aldri.

Ævintýri: Öskubuska
Tengsl við námskrá: Lestur, tónmennt

Ævintýri, þjóðsögur og gamla söngva má oft nota til að fjalla um börn sem fá ekki að njóta réttinda sinna. Í verkefnunum hér að neðan er notast við söguna um Öskubusku.

Meðal þeirra réttinda sem Öskubuska fær ekki notið má nefna vernd gegn mismunun (2. grein), það sem barninu er fyrir bestu (3. grein), réttinn til nafns og þess sem auðkennir hana sem einstakling (7. og 8. grein), réttinn til að tjá skoðanir sínar (12. grein), til einkalífs (16. grein), til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, réttinn til menntunar (28. grein), til hvílda og tómstunda (31. grein) og vinnuvernd gegn barnaþrælkun (32. grein).

Verkefni

Lestu Öskubusku fyrir bekkinn og biddu börnin að láta vita þegar þau heyra að söguhetjan fær ekki að njóta réttinda sinna.

- Skiptu bekknum í hópa og láttu hvern hóp fá eina glaðlega og eina dapra Öskubuskugrímu. Lestu Öskubusku upphátt og biddu hópana að halda glaðlegu grímunni á lofti þegar þau heyra að réttindi Öskubusku eru virt og döpru grímunni þegar þau heyra að hún fær ekki að njóta réttinda sinna.
- Þegar börnin þekkja söguna vel skuluð þið skoða hvernig Öskubusku er neitað um réttindi sín og skrifa uppkast að bréfi til stjórnvalda eða UNICEF þar sem spurt er hvað þau hyggist gera Öskubusku til hjálpar.
- Þegar börnin þekkja söguna vel skuluð þið fara í viðtalsleik. Börnin skiptast á að vera Öskubuska og svara spurningum frá bekkjarfélögunum sem eru að taka viðtal fyrir blaðagrein um upplifun hennar.
- Öskubuska er ekki hið raunverulega nafn sögupersónunnar heldur ljótt uppnefni sem stjúpna

hennar og stjúpsystur finna upp á. Þegar börnin þekkja söguna vel skaltu biðja þau að velta því fyrir sér hvernig tilfinning það sé að eiga sér ekki nafn. Biddu börnin að finna nýtt nafn á Öskubusku og búa til vegabréf handa henni. Ræðið hvernig það að eiga sér hvorki fæðingarvottorð né vegabréf getur orðið til þess að börn fari á mis við réttindi sín.

- Skoðið staði í heiminum þar sem börn eru enn þann dag í dag neydd til að vinna. Hvað má gera til að binda enda á barnaþrælkun? Undirbúið viðburð á vegum bekkjarins til að vekja athygli á málefnum eða herferð í skólanum.
- Hvaða myndu börnin ráðleggja Öskubusku og stinga upp á sem gæti hvatt hana til að standa fast á réttindum sínum?

- Fáðu börnin til að skrifa eða leika samtal á milli tveggja nágranna um útlit Öskubusku og vanlíðan.
- Leikið sáttafund á milli Öskubusku og stjúpsystra hennar sem byggist á 12., 18. og 31. grein.
- Biddu börnin að ímynda sér að þau séu vonða stjúpan sem hafi nú bætt ráð sitt. Hvaða loforð myndi hún gefa Öskubusku til að uppfylla þá skyldu sína að virða réttindi hennar?
- Biddu börnin að skrifa heimilisreglur fyrir Öskubusku og systur hennar eins og þau ímynda sér að reglurnar væru í sögunni. Biddu börnin svo að endurskrifa reglurnar sem réttindayfirlýsingu.

- Biddu börnin að hugleiða hve illa var annast um Öskubusku og útskýra hvernig þau myndu annast hana.
- Spyrðu börnin í hvers slags félagsstarfi eða klúbbum Öskubuska gæti tekið þátt til að bæta líf sitt.
- Biddu börnin að hanna veggspjöld sem auglýsa dansleikinn í sögunni en bjóða ólíkum hópum upp á misgóða þjónustu (t.d. meiri mat eða fleiri færi á að dansa). Biddu þau að hugleiða hvaða réttindi mismunandi hópar og einstaklingar fá ekki notið og hvernig upplifun það sé.

RÉTTINDAKENNSLA ÚT FRÁ NÁMSGREINUM

Réttindi um víða veröld

Tengsl við námskrá:
Samfélagsgreinar
(landafræði, saga), lífsleikni

Verkefni 1

Þú gætir unnið þetta verkefni með bekknum þínum eða til að undirbúa þig fyrir kennslustund.

- Skoðaðu heimildir um það hvar börnum er í dag neitað um tiltekin réttindi (t.d. réttinn til menntunar).
- Skoðaðu heimildir um það hvers vegna börn njóta ekki þessara réttinda í viðkomandi löndum. Hvaða ástæður liggja þar að baki? Hvað má gera til að hjálpa þeim, fyrir utan að safna fé?
- Sýndu niðurstöðurnar á heimskorti í kennslustofunni.

Verkefni 2

Skoðaðu stríðsátök í heiminum í dag með bekknum þínum og hvaða áhrif átökin hafa á réttindi barna.

Skoðaðu sérstaklega:

- Hvaða réttinda úr Barnasáttmálanum börn njóta/fá ekki notið.
- Hvaða ábyrgðaraðilar eigi að tryggja að börn njóti viðkomandi réttinda.
- Hvort aðstæðurnar sem eru til umræðu þurfi að breytast á einhvern hátt til að börn megi njóta réttinda sinna. Ef svo er, hvernig má koma þeim breytingum í kring?
- Hvernig aðstæðurnar tengjast reynslu og upplifun barnanna sjálfra.
- Hvort börnin séu meðvituð um sambærilegar aðstæður í eigin lífi, skólanum, í frístundaheimilinu, í sögum sem þau hafa lesið, öðru námsefni eða úr fréttum.

RÉTTINDAKENNSLA ÚT FRÁ NÁMSGREINUM

Áhrifavaldar

Tengsl við námskrá: Samfélagsgreinar og lífsleikni

Þegar þú fræðir bekkinn um sögufræga einstaklinga skaltu fjalla um það þegar réttindi þeirra voru ekki virt. Þú gætir líka skoðað hvernig viðkomandi stóð fast á eigin réttindum eða lét í sér heyra og barðist fyrir réttindum annarra. Þegar réttindi barna eru til umfjöllunar er gott að minna ungt fólk og okkur sjálf á hið stærra samhengi. Mannréttindi eru fyrir alla.

Í verkefnunum hér á eftir eru tekin dæmi um Önnu Frank, Nelson Mandela, Martin Luther King yngri og Malölu Yousafzai.

Anna Frank

Anna Frank var dagbókarritari og rithöfundur sem fæddist í Þýskalandi. Hún bjó í Amsterdam í Hollandi með fjölskyldu sinni og fór í felur þegar nasistar komust til valda. Á endanum komst upp um fjölskylduna og þau voru send í útrýmingarþúðir. Anna dó í Bergen-Belsen-búðunum rétt áður en fangarnir þar voru frelsaðir árið 1945. Meðal þeirra réttinda sem Önnu var neitað um eru vernd gegn mismunun (2. grein), framkvæmd sáttmálans (43.-54. grein), rétturinn til að lifa og þroskast (6. grein), réttur til skoðana- og trúfrelsis (14. grein), að tillit væri tekið til skoðana hennar (12. grein), réttur til einkalífs (16. grein), til heilsu (24. grein), til lífsafkomu (27. grein), til menntunar (28. grein), til hvíldar og tómstunda (31. grein) og til að njóta verndar gegn frelsissviptingu, illri meðferð og refsingu (37. grein).

Verkefni

- Biddu börnin að tengja kafla úr dagbókinni við mismunandi greinar sáttmálans til að sýna hvaða réttindi Önnu voru ekki virt.
- Skiptu bekknum í hópa og biddu hópana að búa til kyrrmyndir af atburðum úr dagbók Önnu sem sýna að réttindi hennar voru ekki virt. Biddu bekkinn að

giska á hvaða atburð og hvaða tilteknu réttindi er verið að sýna.

- Biddu börnin að skrifa mannréttindayfirlýsingu fyrir leyniherbergi Frank-fjölskyldunnar og vísa til viðeigandi greina úr Barnasáttmálanum og hvernig börn og fullorðnir muni virða þær.
- Biddu bekkinn að íhuga hvaða réttinda þau fengju ekki að njóta ef þau yrðu að búa við svipaðar aðstæður og fjölskylda Önnu Frank. Því ekki að skoða mannréttindabrot nasista í víðara samhengi?
- Biddu börnin að semja ræðu um Önnu og mannréttindabrotin í lífi hennar til að flytja á næsta fundi Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.
- Í tengslum við 24. grein væri hægt að skoða uppskriftir að hefðbundnum mat gýðinga.
- Með 31. grein í huga skaltu biðja börnin að hanna borðspil sem hefði hjálpað Önnu að njóta réttarins til að leika sér á meðan hún dvaldi í leyniherbergjunum.
- Biddu börnin að íhuga hvernig foreldri Anna hefði orðið, hefði hún fengið að lifa. Hvernig hefði hún tryggt réttindi barna sinna?

RÉTTINDAKENNSLA ÚT FRÁ NÁMSGREINUM

Áhrifavaldar

Tengsl við námskrá:
Samfélagsgreinar og lífsleikni

Nelson Mandela

Nelson Mandela var baráttumaður gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku og forseti landsins frá 1994-1999. Hann sat í 27 ár í fangelsi fyrir að reyna að kollvarpa ríkisstjórn sem studdi aðskilnaðarstefnuna. Þú getur nýtt þér Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna sem og Barnasáttmálann til þess að vinna verkefni.

Verkefni

- Biddu börnin að merkja við þær greinar sáttmálans þar sem upp eru talin réttindi sem börn í Suður-Afríku (önnur en þau hvítu) fengu ekki að njóta á meðan aðskilnaðarstefnan var við lýði.
- Skoðaðu aðskilnað kynþátta um víða veröld með bekknum, í sögulegu ljósi og í nútímanum. Ræðið svo kosti jafnréttis og fjölbreytileika fyrir samfélagið.
- Biddu börnin að semja lag um frelsi, með texta sem fjallar um mannréttindi.
- Spyrdðu bekkinn hvernig friðsamleg mótmæli fari fram (mundu að 15. grein fjallar um rétt barns til að mynda félög með öðrum og koma saman með öðrum með friðsömum hætti).
- Skoðið kosningarétt og hvernig kosningum er háttað í skólanum. Veltið því fyrir ykkur hvort sanngjarnt kerfi sé við lýði í landi okkar og í skólanum, eða hvort gera megi úrbætur.
- Börn eiga rétt á umönnun. Biddu börnin að velta því fyrir sér af hverju Nelson Mandela hafi misst í lífi barna sinna á meðan hann sat í fangelsi.
- Biddu börnin að ímynda sér að þeir séu meðlimir hóps sem er fengið það verkefni að semja mannréttindayfirlýsingu fyrir Suður-Afríku eftir að aðskilnaðarstefnan hefur verið afnumin. Hvað myndu þau setja í yfirlýsinguna til að tryggja að öll réttindi séu virt? Hvað finnst þeim að ríkisstjórnin og aðrir leiðtogar ættu að gera til að tryggja að yfirlýsingunni verði hrint í framkvæmd?
- Skoðaðu með bekknum ólíkar hugmyndir um að ekki ættu allir að hafa jöfn réttindi og tækifæri. Hvers vegna var fólki einu sinni neitað um jöfn tækifæri og hvernig hefur það breyst með tímanum?

Martin Luther King yngri

Martin Luther King yngri var leiðtogi í mannréttinda-baráttu svartra Bandaríkjamanna. Hann var líka prestur í baptistakirkjunni. Hann barðist fyrir réttindum svartra til jafns við hvíta frá miðjum sjötta áratug 20. aldar og þar til hann var myrtur árið 1968.

Verkefni

- Notaðu ræðu Martins Luthers King, „Ég á mér draum“, til að hvetja börn til að semja sína eigin ræðu um framtíðardrauma sína í tengslum við réttindi barna.
Hægt er að hlusta á ræðuna hér:
<https://youtu.be/smEqnnklfYs>
- Martin Luther King hélt ræðu sína löngu áður en Barnasáttmálinn var samþykktur árið 1989 en þó er fjölmargt sem tengir sáttmálann og ræðu hans. Biddu börnin að skoða ræðuna og finna eins margar tengingar við greinar sáttmálans og þau geta.

Malala Yousafzai

Malala Yousafzai er pakistönsk baráttukona fyrir menntun stúlkna. Hún býr nú í Birmingham á Englandi. Malala er yngsti Nóbelsverðlaunahafi sögunnar.

Verkefni

- Biddu börnin í hópnum þínum að finna heimildir um menntun stúlkna í ólíkum heimshlutum. Hvaða áhrif hefur Malala haft?

VIÐBÓTAREFNI

Þið gætuð líka lesið ykkur til um Eglantyne Jebb, Janusz Korczak og Aung San Suu Kyi. Þórunni Ólafsdóttur, Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, Héðinn Unnsteinsson, feðginin Bergur og Nína Rún, Telma Ásdísardóttir, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, Jón Sigurðsson, Stefán Karl.

Eftirfarandi samtök heiðra fólk sem hefur látið til sín taka í þágu réttindabaráttu barna:


Alþjóðleg réttindaverðlaun barna, The World's Children's Prize for the Rights of the Child:
www.worldschildrensprize.org/childrights

Alþjóðleg friðarverðlaun barna, The International Children's Peace Prize:
www.childrenspeaceprize.org

RÉTTINDAKENNSLA ÚT FRÁ NÁMSGREINUM

Lykilspurningar í umræðum með börnum við upphaf verkefnis:

- Hvað vitum við nú þegar?
- Hverju viljum við komast að?
- Hvaða réttindi gætu tengst þessu viðfangsefni?



ALHEIMSBORGARAR, HEIMSMARKMIÐIN OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Skoðum staðalmyndir

Verkefni 1: Hvaða borg?

Tengsl við námsgreinar:
Samfélagsgreinar (saga,
landafræði), lífsleikni

Efniviður: afrit af myndablaðinu
– eitt á hvert barn, hverja tvo eða hvern hóp

1

Láttu alla meðlimi hópsins fá eintak af myndablaðinu eða skiptu hópnum upp í pör eða teymi – vertu viss um að allir geti séð myndirnar. Þú gætir líka fest þær upp á töflu eða sýnt á skjá fremst í stofunni.

2

Útskýrðu fyrir þátttakendum að þessar fjórar myndir komi allar frá sama landinu. Geta þau borið kennsl á landið og heimsálfuna?

HVAÐA BORG?

Svarið má finna á bls. 49



ALHEIMSBORGARAR, HEIMSMARKMIÐIN OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Verkefni 2: Spurt um land

Tengsl við námsgreinar:
Samfélagsgreinar (landafræði)

Svörin má finna á bls. 51.

Börn á aldrinum 8-14 ára í Kenýa og Grikklandi fengu nafn á öðru landi og voru beðin að lýsa lífinu þar. Biddu þátttakendur að lesa eftirfarandi staðhæfingar og reyna að finna út úr því, tvö og tvö saman eða í hóp, hvaða landi er verið að lýsa hverju sinni. Þetta verkefni á uppruna sinn í bókinni Global Citizenship: The Handbook for Primary Teaching, Mary Young Chris Kington Publishing, 2002.

Hópur A

- Þar borðar fólk froska og slöngur
- Þar eru engir vasapjófar
- Byssur koma þaðan
- Þar er ekkert svart fólk

Svar:

Hópur B

- Þar eru stórir skógar
- Þar eru stórir vegir
- Þar er notuð falleg mynt
- Þar eru mjög há fjöll

Svar:

Hópur C

- Lögreglan þar er í rauðum og svörtum búningum
- Þar býr fólk í íbúðum
- Þar er mikið af verksmiðjum
- Þar er mikið af kirkjum og sjúkrahúsum

Svar:

Hópur D

- Þar er mikið af gömlum hlutum
- Þar er gott veður
- Þar er mikið af búðum
- Þar býr margt fólk
- Fólkið þar talar fallegt tungumál

Svar:

ALHEIMSBORGARAR, HEIMSMARKMIÐIN OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Verkefni 3: Heimsbingó

Þennan leik má nota til að sýna fram á alþjóðleg tengsl innan hópsins. Ef farið er í leikinn með starfsfólki getur hann nýst til að uppgötva áður óþekkta reynslu og hæfileika sem gætu gagnast við að þroska alþjóðavitund í skólanum eða frístundaheimilinu.

1

Biddu þátttakendur um að vinna hvert fyrir sig eða tvö og tvö saman og finna einhvern í hópnum sem passar í hvern reit.

2

Þátttakendur ganga um stofuna og spyrja hver annan spurninganna sem eru efst í hverjum reit. Þegar einhver svarar játandi á að skrifa nafn viðkomandi og landið sem tengist spurningunni í viðeigandi reit. Ef mögulegt er ættu þátttakendur að finna nýtt nafn og land í hvern einasta reit.

Hefurðu ferðast til annars lands?	Áttu vin sem býr í öðru landi?	Ertu að læra erlent tungumál?	Áttu ættingja sem býr í öðru landi?
Nafn:	Nafn:	Nafn:	Nafn:
Land:	Land:	Land:	Land:

Ertu í einhverjum fötum frá öðru landi?	Hefurðu gaman af tónlist frá öðru landi?	Finnst þér góður matur frá öðru landi?	Geturðu nefnt íþróttamanneskju frá öðru landi?
Nafn:	Nafn:	Nafn:	Nafn:
Land:	Land:	Land:	Land:

Á fjölskyldan þín bíl sem var smíðaður í öðru landi?	Geturðu nefnt land þar sem UNICEF starfar í þágu barna?	Talarðu annað tungumál en íslensku heima hjá þér?	Fæddist einhver í fjölskyldunni þinni í öðru landi?
Nafn:	Nafn:	Nafn:	Nafn:
Land:	Land:	Land:	Land:

ALHEIMSBORGARAR, HEIMSMARKMIÐIN OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Taumlaus tölfræði

Tengsl við námsgreinar:
Stærðfræði, íþróttir

Efniviður:

- fjögur stór blöð; á einu skal standa A,
öðru B, því þriðja C og því fjórða D.

1

Merktu veggina í kennslustofunni eða
salnum með bókstöfunum A, B, C og D.

2

Útskýrðu fyrir hópnum að nú
hefjist óvenjuleg spurningakeppni.
Þau eiga að fara og taka sér stöðu
undir þeim bókstaf sem þau telja
eiga við rétt svar.

3

Lestu spurningarnar hér til hliðar.
Svörin má finna á bls. 49.

1. spurning

39% heimila í dreifbýli á Nígersvæðinu í Afríku hafa
aðgang að bættu drykkjarvatni.

Hversu mörg prósent heimila í þéttbýli á Níger-
svæðinu hafa aðgang að bættu drykkjarvatni?

- A. 100%
- B. 90%
- C. 75%
- D. 50%

2. spurning

Á Filabeinsströndinni eru 75% stráka skráð í fyrstu
bekki grunnskóla og 71% stelpna. 32% stráka eru
svo skráð í grunnskóla á miðstigi. Hvað eru mörg
prósent stelpna skráð í skóla á miðstigi?

- A. 35 %
- B. 31 %
- C. 27 %
- D. 23 %

3. spurning

Hversu hátt er hlutfall stelpna á Indlandi
sem giftast fyrir 18 ára aldur?

- A. 57%
- B. 47%
- C. 37%
- D. 27%

4. spurning

Hversu hátt hlutfall sómalskra barna á aldrinum
5-14 ára sætir barnaþrælkun?

- A. 29%
- B. 39%
- C. 49%
- D. 59%

5. spurning

Árið 1990 var dánartíðni barna undir fimm ára aldri
91 dauðsfall af hverjum 1000 fæddum börnum.

Hver var áætluð dánartíðni barna undir fimm ára
aldri árið 2015?

- A. 73 dauðsföll af hverjum 1000 fæddum börnum
- B. 63 dauðsföll af hverjum 1000 fæddum börnum
- C. 53 dauðsföll af hverjum 1000 fæddum börnum
- D. 43 dauðsföll af hverjum 1000 fæddum börnum

Þessi tölfræði kemur hédan:

The State of the World's Children 2015

– *Reimagine the Future*, sowc2015.unicef.org/

The State of the World's Children 2014 in Numbers

– *Every Child Counts*, unicef.org/sowc2014/numbers/

Uppfærðar tölur má finna á data.unicef.org/

TILBRIGÐI

Þetta eru ansi snúnar spurningar. Þú
gætir unnið út frá hugmyndinni og
fundið þín eigin gögn til að byggja
á, eða beðið börnin að semja eigin
spurningar til að prófa bekkjarfélagana.
Þau gætu svo kynnt öðrum börnum
skólans, frístundaheimilisins eða
félagsmiðstöðvarinnar niðurstöðurnar.
Þú gætir beðið þátttakendur að hlaupa
á milli bókstafanna til að virkja þá enn
frekar í leiknum.

ALHEIMSBORGARAR, HEIMSMARKMIÐIN OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Loftslagsbreytingar og réttindi barna

Verkefni 1: Þöglar umræður

Þetta verkefni hvetur til umhugsunar og umræðna um sjálfbæra þróun, umhverfismál og réttindi barna.

Efniviður:
- stór blöð
- skriffæri

VIÐBÓTAREFNI

Hægt er að finna fræðslumyndir UNICEF HREYFINGUNNAR hér: <https://unicef.is/unicef-hreyfingin>

Þar er fjallað um loftslagsbreytingar og réttindi barna. Ásamt öðru fræðsluefni.

Loftslagsbreytingar eru raunverulegar og eiga sér nú stað um víða veröld. Þær hafa skelfileg áhrif á velferð barna, sérstaklega í þeim löndum sem bera hvað minnsta ábyrgð á orsökum loftslagsbreytinga en eiga hvað erfiðast með að bregðast við afleiðingunum. Alvarlegar og öfgakenndar náttúruhamfarir og hungursneyðir færast sífellt í aukana og ógna lífi og réttindum barna.

Þessi verkefni hjálpa börnum að skilja tengslin á milli loftslagsbreytinga og réttinda barna, og hvers vegna stjórnvöld, fyrirtæki, samfélög og einstaklingar verða að grípa til aðgerða til að takmarka loftslagsbreytingar og styðja samfélög sem verða fyrir barðinu á þeim.

Ef þú ert að fjalla um loftslagsbreytingar í tengslum við aðrar námsgreinar munu þessi verkefni hjálpa þér að flétta réttindum barna inn í kennslustundir.

Nokkur dæmi um staðhæfingar sem tengjast alþjóðamálum:

- Jörðin getur séð um sig sjálf.
- Banna ætti alla bíla.
- Við höfum aldrei haft það betra og næsta kynslóð mun hafa það enn betra!
- Lýðræði er ofmetið.
- Hver er sjálfum sér næstur.
- Öllum mat á jörðinni ætti að deila jafnt milli fólks.
- Sameinuðu þjóðirnar ættu að hafa stjórn á fólksfjölda í heiminum.

1

Skrifaðu staðhæfingar (sjá dæmi hér að neðan) á stór pappírsblöð og dreifðu þeim um stofuna.

2

Biddu þátttakendur að ganga um stofuna og skrifa eina setningu á hvert blað, án þess að tala saman. Framlag þeirra getur verið stök athugasemd sem tengist viðfangsefninu eða svar við framlagi annars barns. Þannig verða til þöglar umræður á hverju blaði.

3

Þegar allir hafa skrifað eitthvað á hvert einasta blað kemur bekkurinn saman til að ræða staðhæfingarnar og innlegg barnanna.

4

Þetta verkefni má vinna með bekknum á nokkurra daga tímabili, t.d. gæti eitt borð á dag fengið tíma til að bæta við umræðuna.

Nokkur dæmi um almennar staðhæfingar:

- Það ætti að banna heimavinnu.
- Skólabúningar eru góð hugmynd.
- Sönn menntun byrjar eftir skóla.
- Rétturinn til hamingju ætti að vera í Barnasáttmálanum.
- Fjölmíðlar ýta undir sjálfsselsku í þjóðfélaginu.

ALHEIMSBORGARAR, HEIMSMARKMIÐIN OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Loftslagsbreytingar og réttindi barna

Verkefni 2: Lífsvefurinn

Ljóðið „Lífsvefurinn“ eftir Seattle, höfðingja Suquamish-ættbálks frumbyggja Norður-Ameríku, er frábær hugleiðing um samband mannkyns og jarðar.

1

Lestu ljóðið fyrir hópinn, biddu börnin að lesa ljóðið upphátt eða dreifðu ljóðinu svo hver og einn geti lesið í hljóði.

2

Gefðu hópnum tíma til að velja ljóðinu fyrir sér og biddu þau svo að deila sínum vangaveltum.
Um hvað telja þau ljóðið fjalla?
Hvað fannst þeim um ljóðið?
Eru þau sammála ljóðinu?
Hvernig mætti skoða Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun með hliðsjón af þessu ljóði?

Lífsvefurinn
eftir Seattle, höfðingja Suquamish-ættbálksins
(1786?-1866)

Hver einasti hluti jarðarinnar er sérstakur.
Hver geislandi furunál, hver sendin strönd,
hvert mistur í dimmum skógi,
hvert rjóður og suðandi skordýr,
grýttur tindurinn, aldin engjanna, skepurnar og manneskjurnar allar
tilheyra sömu fjölskyldu.

Kennið börnum ykkar að jörðin sé móðir okkar.
Hvað sem kemur fyrir jörðina kemur fyrir börn jarðar.
Niður vatnsins er rödd afa okkar.
Við erum hluti af jörðinni og jörðin er hluti af okkur.
Lækirnir eru bræður okkar, þeir svara þorsta okkar.
Ilmandi blómplöntur eru systur okkar.

Lofitið er dýrmætt.
Öll deilum við sama andardrætti.
Vindurinn sem gefur ömmu okkar og afa andann tekur einnig við hinsta andvarpi þeirra.
Vindurinn gaf börnum okkar lífsandann.
Það vitum við að jörðin tilheyrir okkur ekki, við tilheyrum jörðinni.
Það vitum við að allt í veröldinni tengist,
eins og blóðið sem sameinar eina fjölskyldu.

Allt í veröldinni tengist,
því við ófum ekki lífsvefinn.
Við erum aðeins einn þráður í honum.
Hvað sem við gerum vefnum gerum við sjálfum okkur.
Þökkum fyrir vefinn og hringrásina sem tengir okkur öll.

(Aðlögun)

TILBRIGÐI

Hægt er að leita eftir íslenskum ljóðum sem fjalla um náttúruna til þess að vinna með.

ALHEIMSBORGARAR, HEIMSMARKMIÐIN OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Loftslagsbreytingar og réttindi barna Verkefni 3: Áhrif loftslagsbreytinga á börn

Flestir vísindamenn eru sammála um að loftslagsbreytingar geti valdið því að meira rigni sums staðar, minna annars staðar, sums staðar verði loftslag heitara og veðrið almennt öfgakenndara. Þetta verkefni getur hjálpað börnum að hugleiða afleiðingar loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á réttindi barna.

Efniviður:

- afrit af þessum textakössum – eitt á hvert barn, eitt á hverja tvo eða eitt á hvern hóp
- afrit af Barnasáttmálanum eða réttindayfirlýsingu bekkjarins

1

Biddu þátttakendur að nota a.m.k. eina staðhæfingu úr hverjum kassa til að semja sögu sem sýnir beinar afleiðingar loftslagsbreytinga á réttindi barna.

2

Dreifðu Barnasáttmálanum eða réttindayfirlýsingu bekkjarins og biddu þátttakendur að merkja við viðkomandi réttindi.

Til dæmis:

Meira regn gæti valdið uppskerubresti, sem gerir það að verkum að börn svelta og fara þannig á mis við þann rétt sinn að fá nægilega holla fæðu (24. grein).

A

- Meiri rigning
- Minni rigning
- Heitara loftslag
- Öfgakenndara veður, t.d. fárviðri og fellibyljir
- Hækkandi yfirborð sjávar

B

- Akrar bænda eyðileggjast
- Uppskeran vex ekki
- Minni matur
- Fjölskyldur geta ekki séð fyrir sér
- Fólk berst um auðlindir eins og t.d. vatn
- Fjölskyldur verða heimilislausar

C

- Börn svelta eða eru vannærð
- Líf barna er í hættu
- Börn verða að vinna til að hjálpa fjölskyldunni að afla matar
- Börn komast ekki í skóla
- Börn eru aðskilin frá fjölskyldu sinni
- Börnum finnst þau ekki örugg

VERKEFNI FYRIR STARFSFÓLK, FORELDRA OG FORSJÁRAÐILA

Þegar unnið er að innleiðingu hugmyndafræðinnar er nauðsynlegt að vinna með starfsfólki, foreldrum og forsjáraðilum til að kynna þeim Barnasáttmálann og gera réttindastarfið að órjúfanlegum hluta skóla- og frístundasamfélagsins.

Í þessum kafla má finna upplýsingar og verkefni sem hjálpa þér að fá sem flesta með í ferðalag Réttindaskólans og Réttindafrístundarinnar.

Að fá foreldra og forsjáraðila til liðs við ykkur

Margt fullorðið fólk verður hálfvinglað eða óöruggt þegar talað er um að börn eigi sér réttindi. Þetta hefur þú ef til vill upplifað á eigin skinni.

Þetta kemur oft til af því að fólk heldur að „réttindi barna“ gefi börnum grænt ljós á að vera þrætu-gjarnari og erfiðari. Þessar áhyggjur er þó yfirleitt auðvelt að sefa um leið og fólk fræðist betur um Barnasáttmálann. Þegar fólki verður ljóst að sátt-málinn snýst að miklu leyti um ábyrgð fullorðinna til að tryggja afkomu barna, þroska þeirra og vernd. Fáar eða engar af greinum sáttmálans veita börnum frelsi umfram það sem fólk tekur almennt fagnandi.

Þetta eru mikilvæg skilaboð sem koma þarf áleiðis til forsjáraðila eins fljótt og auðið er. Þegar börn fræðast um eigin réttindi læra þau líka að allir aðrir eiga réttindi barna og að gagnkvæm virðing fyrir réttindum er lykilatriði í samskiptum, samfélögum og um heim allan.

Hér á eftir eru uppástungur og dæmi um viðburði til að fá foreldra og forsjáraðila með í skóla- og frístundastarfið. Áður en þú kynnir viðburðina sem lýst er hér að neðan er skynsamlegt að móta aðferðir til að vekja athygli foreldra, svo þeir vilji fræðast meira og séu opnir fyrir því að hjálpa frístundaheimilinu og félagsmiðstöðinni að verða Réttindaskóli eða Réttindafrístund UNICEF.

Eftirfarandi ábendingar má nýta til að fá foreldra og forsjáraðila til liðs við ykkur:

- Þjóddu forsjáraðilum að ganga til liðs við réttindaráðið.
- Þjálfðu börnin í að taka á móti nýjum foreldrum og forsjáraðilum og útskýra hvað felst í því að vera Réttindaskóli og Réttindafrístund.
- Sendifulltrúar af ólíkum uppruna geta líka stutt við fjölskyldur þegar ný börn byrja í frístundaheimilinu eða félagsmiðstöðinni.
- Sjáðu til þess að nóg sé af áhugaverðum, upplýsandi veggspjöldum og myndefni um réttindi barna og Réttindaskóla og Réttindafrístund og forsjáraðilar á öllum svæðum þar sem foreldrar eru líklegir að sjá slíkt, þ.m.t. í öllum göngum og sölum.
- Þegar foreldrar og forsjáraðilar heimsækja frístundaheimilið eða félagsmiðstöðina ætti iðulega að flétta réttindi inn í viðburðinn og fá börnin til að vísa til réttinda barna á heimsvísu sem og í skóla- og frístundastarfi þeirra.
- Það getur hjálpað til við að gera réttindastarf skólans sýnilegra að útnefna „réttindi mánaðarins eða vikunnar“ eða vinna réttindatengd verkefni út frá ýmsum námsgreinum.
- Á heimasíðu frístundaheimilisins og félagsmiðstöðvarinnar mætti hafa stutta lýsingu á hlutverki Réttindaskóla og Réttindafrístundar sýna dæmi um verkefni og viðburði tengda réttindum. Setja mætti inn hlekk á heimasíðu UNICEF á Íslandi, www.unicef.is/rettindaskoli
- Settu fyrir réttindatengd heimaverkefni í fögum á borð við lestur, samfélagsgreinar og lífsleikni.
- Með yngri börnum mætti senda heim mjúkdýr sem eins konar lukkudýr réttinda barna. Barn eða foreldrar gætu tekið myndir af lukkudýrinu þar sem það nýtur réttinda sinna á heimilinu; fær t.d. mat, lyf/umönnun eða leikur sér.
- Börn geta sýnt foreldrum og forsjáraðilum hvernig kennslustofa í Réttindaskóla lítur út. Börnin geta einnig haldið kynningu á bekkjarsáttmálanum fyrir foreldra á næsta bekkjarkjöldi og afhent foreldrum eintak af honum. Hægt er að setja upp réttindabás á vegum réttindaráðsins.
- Ef þið getið ekki dreift prentuðum eintökum af sáttmálanum má benda foreldrum og forsjáraðilum á údráttinn sem finna má á heimasíðu Barnasáttmálans: www.barnasattmali.is. Foreldrar geta lesið sér til um sáttmálann og hlaðið niður prentvænu eintaki á síðunni. Þar er einnig hægt að finna sáttmálan á mörgum tungumálum.
- Standa mætti fyrir réttindatengdum ratleik um skóla- og frístundasvæðið. Einnig mætti setja upp bás eða upplýsingastand um réttindi barna, þar sem börnin útskýra fyrir foreldrum hvað það merkir að vera Réttindaskóli eða Réttindafrístund.
- Tíu mínútna fundir: Við upphaf eða lok dags getur verið gagnlegt að halda stutta, tíu mínútna kynningu fyrir foreldra og forsjáraðila sem eru að koma með eða sækja börn. Lokkið foreldra og forsjáraðila á staðinn með kaffi og hressingu!

Viðburðir

- Að fylgjast með barninu „koma fram“ með einhverjum hætti er líklega það sem laðar hvað flesta foreldra og forsjáraðila til að heimsækja skólann, frístundaheimilið eða félagsmiðstöðina og þess vegna verða uppástungurnar hér að neðan eflaust meira áhugaverðari ef börnin sjá um að skipuleggja viðburðina og taka virkan þátt í framkvæmdinni.
- Ef þú ert að skipuleggja viðburð skaltu hafa samráð við foreldra- og kennarahópa sem gætu hjálpað til.
- Góð leið til að vekja athygli foreldra er að halda kynningarfund um sáttmálann, mögulega með gestafyrirlesara, þar sem börnin standa fyrir kynningu eða vinnusmiðju um réttindastarfið í skólanum.
- Þú gætir skipulagt lista- eða leiklistarhátíð út frá mannréttindum, þar sem börnin leiðsegja foreldrum og forráðamönnum sínum um skólann. Auk leiksýningar er hægt að halda spurningakeppni um mannréttindi og veita verðlaun.
- Uppákomur sem tengjast mat geta hjálpað til við að lokka fullorðna inn í skólann. Athugaðu hvort skólinn þinn geti skipulagt kvöldverð fyrir foreldra, kennara, forsjáraðila og starfsfólk. Hægt er að tengja beint við sáttmálann allt frá fyrstu stundu með því að vísa til þess réttar barna að fá nógu holla fæðu. Fylgja má kvöldverðinum eftir eða jafnvel brjóta hann upp með tækifærum til að taka þátt í leikjum sem börnin stjórna.
- Skipuleggið skapandi vinnusmiðju þar sem foreldrar og börn geta fræðst saman um mannréttindi. Hægt er að notast við verkefni og hugmyndir úr þessum bæklingi. Skipa má þátttakendum í lið sem keppast við að ljúka verkefnum en efniviðnum er ójafnt skipt á milli liða, sem líkir eftir misskiptingu auðs í heiminum og fátækt. Ef börnin hafa farið í þessa leiki áður án forsjáraðilannaeru þeir í betri stöðu til að útskýra framvinduna fyrir forsjáraðilum.

ÆFINGAR FYRIR STARFSFÓLK, FORELDRA OG FORSJÁRAÐILA

Eftirfarandi æfingar eru settar saman með það í huga að þær nýtist við þjálfun nýrra starfsmanna eða til að kennarar geti nýtt sér þær með foreldrum og forsjáraðilum.

Notaðu þessar æfingar sem upphafspunkt í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna við að gera skólann að Réttindaskóla.

Æfing 1 Teiknum fólk og staði þar sem réttindi eru virt

Góð leið til að fá starfsfólk til að tileinka sér réttindanálgun í starfi sínu er að teikna fólk og rými í skólanum, frístundaheimilinu eða félagsmiðstöðinni.

Hvernig lítur til dæmis kennslustofa í Réttindaskóla út, eða skólalóðin? Hvað með skrifstofuna, matsalinn, frístundaheimilið, félagsmiðstöðina, tölvustofuna eða bókasafnið?

Hvernig lítur kennari, ritari, frístundaleiðbeinandi, starfsmaður, skólastjóri eða húsvörður í Réttindaskóla og Réttindafrístund út?

Efniviður:

- pappír
- tússlitir

1
Skiptu þátttakendum í hópa og afhentu hverjum hópi stórt pappírsblað og nokkra tússliti.

2
Biddu þá að teikna eða lýsa tilteknu svæði í frístundaheimilinu, skólanum eða félagsmiðstöðinni og athöfnum og viðmóti fólks sem virðir réttindi í viðkomandi rými. Vísa má til viðeigandi greina úr Barnasáttmálanum. *Dæmi: Starfsmaður á skólalóð í frímínútum kann fyrstu hjálp (24. grein), er viðmótsgóður og hlustar vel (12. grein) og sýnir frumkvæði í að hvetja börnin til leikja (31. grein).*

3
Deilið lýsingum og hugmyndum um hin ólíku svæði með öllum hópnum og ræðið hvernig athafnir og viðmót eru lifandi dæmi um starf Réttindaskóla og Réttindafrístund.



Æfing 2

Ábyrgðaraðilar og réttindahafar

Efniviður:

- pappír
- tússlitir
- Post-it-miðar í nokkrum litum

1

Finndu fimm eða sex greinar Barnasáttmálans sem eiga sérstakt erindi við skólann, frístundaheimilið eða félagsmiðstöðina ykkar – ef til vill greinar 3, 12, 14, 24, 28 og 31. Skrifðu hverja grein á eitt stórt blað.

2

Skiptu hópnum í þrennt. Biddu einn hópinn að vera kennarar eða starfsfólk í frístundaheimilinu eða félagsmiðstöðinni, annan að vera foreldrar og þann þriðja að vera annað starfsfólk.

Ef hópurinn er fjölmennur má skipta honum í fjóra eða fimm minni hópa og biðja þá að vera foreldraráð eða skólastjórnendur.

3

Minntu þátttakendur á að sem fullorðið fólk eru þeir ábyrgðaraðilar en börnin réttindahafar. Afhentu hverjum hópi bunka af Post-it-miðum í mismunandi lit. Biddu þau að ganga um stofuna í sínu hlutverki og skrifa á miða hvað þau muni gera til að virða og styðja við hver réttindi fyrir sig, og festa miðana á viðkomandi blað.

4

Í lok æfingarinnar biðurðu þátttakendur að ganga aftur um stofuna og ræða þær hugmyndir sem fram hafa komið.

Æfing 3

Hverjar eru væntingar okkar til barnæskunnar?

Þessi æfing er sérstaklega hugsuð fyrir foreldra og forsjáraðila og hentar vel í vinnusmiðju.

Hún fær fullorðið fólk til að velta fyrir sér reynsluheimi barna síðustu 40-50 árin í það minnsta og notast við eigin bernskuminningar.

Efniviður:

- stór blöð
- tússlitir

1

Biddu foreldra og forsjáraðila að vinna í litlum þriggja eða fjögurra manna hópum.

2

Afhentu hópunum stór blöð og tússlitir og biddu þátttakendur að ræða eftirfarandi spurningar og skrifa hjá sér svörin. Þú getur verið búin(n) að skrifa spurningarnar á blöðin til að styðja við umræðurnar eða hengt þær upp á áberandi stað í stofunni.

- Hugleiddu þína eigin bernsku. Hvað stendur upp úr? Hvað þótti þér best? Hvað þótti þér verst? Hvenær lauk bernsku þinni?
- Hugleiddu það sem foreldrar eða forsjáraðilar þínir sögðu þér um eigin bernsku. Hvað virtist frábrugðið þínum bernskuárum og hvað var svipað?
- Ef þú getur, hugleiddu bernsku ömmu þinnar og afa. Hvað virðist hafa einkennt hana? Hvað var frábrugðið þinni eigin bernsku og bernsku foreldra eða forsjáraðila þinna?
- Hugsaðu nú um barnið þitt. Hvernig er bernska þess í samanburði við þína, bernsku foreldra eða forsjáraðila þinna, ömmu og afa? Hvað er gott við bernsku barnsins þíns? Hverju vildirðu breyta? Eru þær breytingar mögulegar? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

3

Gefðu hópunum um 20 mínútur til að ræða saman og fáðu þá svo til að deila sínum hugleiðingum með öllum í stofunni, ef við á. Ef þú gerir þetta má skrifa glósur á töfluna eða á pappírsblað, til að finna endurtekin stef.

4

Þegar þú hefur fundið nokkur endurtekin stef skaltu tengja þau við Barnasáttmálann og réttindi barna. Meðal spurninga má nefna:

- Njóta börnin ykkar réttinda sinna? Eru einhver réttindi sem þau fá ekki að njóta?
- Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Myndu börnin ykkar segja að þau njóti réttinda sinna?
- Hvað myndu börnin telja sig fara á mis við?
- Hvað er hægt að gera til að breyta því?

SVÖR VIÐ VERKEFNUM

Rétt eða rangt? (bls. 12)

1) Rétt

2) Rangt: Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður af Íslands hálfu árið 1990 og fullgiltur árið 1992.

3) Rangt: Aðeins eitt land, Bandaríkin, hefur ekki fullgilt þennan rómaða sáttmála.. Með því að skrifa undir sáttmálann hafa bandarísk stjórnvöld gefið í skyn að þau hyggist fullgilda hann – en hafa enn ekki gert það.

4) Rangt: Þær eru 54, þótt greinar 43-54 séu ákvæði um framkvæmd sem útskýra hvernig stjórnvöld og alþjóðasamtök á borð við UNICEF eiga að vinna að því að tryggja réttindi barna.

5) Rétt

6) Rangt: Sáttmálinn gildir um öll börn, hvar sem er í heiminum.

7) Rétt

8) Rétt

9) Rangt: Grundvallarforsendurnar sem sáttmálinn byggir á eru vernd gegn mismunun (2. grein), það sem barni er fyrir bestu (3. grein), líf og þroski (6. grein), rétturinn til að tjá skoðanir sínar (12. grein).

10) Rétt

Ljósmyndaverkefni (bls. 13-14)

Mynd 1

24. grein: Öll börn eiga rétt á hreinu vatni

Úganda: Nemandi drekkur úr vatnskranu sem var komið fyrir með stuðningi UNICEF í Kinyabisiki-skólanum í Kyondo-sýslu.

Mynd 2

28. grein: Öll börn eiga rétt á menntun

Búrkína Fasó: Safiatou Sanogo er í 6. bekk í Sokoroni A-grunnskólanum. Ef hún klárar skólann í ár verður hún það fyrsta af sextán börnum í fjölskyldunni til að ljúka grunnskóla. Fyrir aðeins tíu árum var ólíklegt að stúlkur eins og Safiatou gengju í skóla. En nú til dags ganga miklu fleiri stelpur í skóla í Búrkína Fasó og það má að miklu leyti þakka baráttu UNICEF og stuðningi við þá stefnu stjórnvalda að afnema skólagjöld á grunnskólastigi. Nú binda fjölskyldur í landinu vonir sínar við að bæði sonum og dætrum gangi vel í lífinu.

„Ég er fegin að ég skuli ganga í skóla,“ segir Safiatou. „Þær sem ekki fá að fara í skóla þurfa yfirleitt að vinna á akrinum með foreldrum sínum. Mér finnst betra að fara í skóla því þá get ég einn góðan veðurdag fengið mér vinnu og hjálpað fjölskyldunni.“

Mynd 3

12. og 17. grein: Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra. Börn skulu hafa aðgang að áreiðanlegum upplýsingum.

Níger: Á þessari mynd sést nemendaráð ræða saman fyrir fund með foreldraráði í Garin Badjini-skólanum í Maradi-héraði í suðausturhluta Níger.

Mynd 4

12. og 17. grein: Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra. Börn skulu hafa aðgang að áreiðanlegum upplýsingum.

Bretland: Ungmenn í Pentrehafod-skólanum taka þátt í umræðum í kennslustund.

Mynd 5

32. grein: Ríki eiga að vernda börn gegn vinnu sem spillir eða hindrar nám þeirra eða skaðar heilsu þeirra og þroska.

Pakistan: Stúlka býr til múrsteina í verksmiðju í Shahdara-hverfinu í norðurhluta borgarinnar Lahore. Þótt ólöglegt sé að hafa börn undir 14 ára í vinnu verða mörg börn að vinna til að styðja fjölskylduna. UNICEF vinnur með góðgerðasamtökum á svæðinu við að veita vinnandi börnum og fjölskyldum þeirra aðstoð og menntun.

Mynd 6

31. grein: Öll börn eiga rétt á hvíld og leikjum.

Bretland: Börn úr Swinton-skólanum leika sér í frímínútum.

A-Ö-orðalisti (bls. 18)

Hvað gæti barn skort sem býr við fátækt á Íslandi?
Hér eru nokkur möguleg svör.

A: Afþreyingu, afmælisgjafir

Á: Ánægju, áhyggjuleysi

B: Bækur, bjartsýni

D: Dót

E: Eigið herbergi

F: Frelsi, frí, forréttindi, frístundir, félagslíf

G: Gott húsnæði, gleði, gæludýr

H: Heimili, heilbriggt líf, heilbriggt umhverfi, hollustu, hlý föt

I: Internettengingu

Í: Íþróttir

J: Jólagjafir

K: Kósíkvöld, kuldaskó

L: Leiki, lífsgæði

M: Morgunmat, menntun, markmið

N: Ný föt

O: Orkuríkan mat

Ó: Óskir og drauma

P: Peninga

R: Réttlæti, réttindi, rödd

S: Sjálfstraust, skemmtanir, sanngirni, síma,
sumarfrí, skilning annarra

T: Tölvu, tækifæri í lífinu, tilhlökkun

U: Upplifun barns, upplýsingar

Ú: Útlandaferðir, útiföt

V: Val í lífinu, vini, von, vinnu, virðingu, vellíðan

Y: Yndislegar stundir

Ý: Ýmsa hluti

Þ: Þekkingu

Æ: Æsku

Ö: Öryggi

Hvaða borg? (bls. 33-34)

Borgin er Addis Ababa í Eþíópíu.

Spurt um land (bls. 35)

Svarið er í öllum tilvikum Bretland!

Taumlaus tölfraði (bls. 39)

1. 100% heimila í þéttbýli á Nígervæðinu hafa aðgang að bættu drykkjarvatni.
2. 23% stelpna á Fílabeinsströndinni eru skráðar í skóla á miðstigi.
3. 47% stelpna á Indlandi giftast fyrir 18 ára aldur.
4. 49% sómalskra barna á aldrinum 5-14 ára sæta barnaþrælkun.
5. Áætluð dánartíðni barna undir fimm ára aldri er 43 dauðsföll á hverjar 1000 fæðingar. Dánartíðnin hefur rúmlega helmingast frá árinu 1990.

